

Fundargerð

155. stjórnarfundur 22. nóvember 2024 kl. 12:00 í Vesturborg og á Teams

Fundarmenn: Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðmundur Kristján Óskarsson, Auðbjörg Björnsdóttir. Hrannar Már Hafberg og Stefán Guðnason voru á Teams.

Fundarritari: Hjördís Sigursteinsdóttir

Drög dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Kjaramál
Formaður fór almennt yfir hvernig staðan væri gagnvart stofnanasamning. Hægt gengur að fá undirritun og áætlun um endurmat á röðun í launaflokka. Fulltrúar HA er ósammála um að taka upp Heru og vilja endurbæta Skrefamatskerfið. Málinu verður fylgt eftir af fullum krafti í upp hafi næsta ár. Ræðst það mikið af því að FPR er ekki enn búið að semja sem getur haft áhrif á launaröðun akademískt starfsfólks. Almenn umræða fylgdi í kjölfarið.
3. Málþing í HÍ með fulltrúum stjórnmalaflokka
FPR, FH og FHA standa fyrir málþingi í HÍ næstkomandi mánudag, á staðnum og í streymi, með fulltrúum allra stjórnmalaflokka til að ræða stöðu opinberu háskólanna, sérstaklega hvað varðar fjármögnun og launakjör starfsfólk í stofnunum. Málþingið verður auglýst meðal félagsfólks og allir hvattir til að taka þátt.
4. Stefnumótunarþing BHM
Þann 20. febrúar n.k. verður haldið stefnumótunarþing BHM. Ákveðið að Hjördís Sigursteinsdóttir, Auðbjörg Björnsdóttir og Hrannar Már Hafberg verði fulltrúar FHA á þinginu.
5. Önnur mál
Desember fundurinn. Ákveðið var að stjórn FHA myndi fara saman að borða í hádeginu á næsta stjórnarfund. Dagsetning og staður verður ákveðin í samráði við allt stjórnarfólk.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 13:30